


Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
b/t Haraldar Líndal Haraldssonar bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	5/2 2015
Málsnr:	1412146
Bréfal:	6521

Reykjanesbæ, 4. febrúar 2015

Á hluthafafundi HS Veitna þann 19. janúar 2015 var eftirfarandi tillaga lögð fram og hún samþykkt samhljóða:

"Lögð var fram tillaga stjórnar um að félagið keypti eigin hlutabréf af hluthöfum fyrir 2 milljarða króna með þeim fyrirvara að hagkvæm fjármögnun fengist. Stefnt er að því að ljúka frágangi málsins fyrir aðalfund í seinni hluta mars mánaðar og þá verði hlutafé fært niður. Verðið verði í samræmi við innra virði í síðasta samþykka uppgjöri á kaupdegi (nú 7,29 kr./hlut).

Hluthafafundurinn samþykkti að gera hluthöfum tilboð í eigin bréf í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra."

Nú er verið að vinna að fjármögnun og er gert ráð fyrir að tilboð í hana verði lögð fyrir stjórn félagsins á stjórnarfundum 20. febrúar n.k. Í framhaldinu verða formleg tilboð send hluthöfum með endanlegu nafnverði bréfanna sem verður þá í samræmi við niðurstöðu ársreiknings fyrir árið 2014 sem lagður verður fram til samþykktar á sama fundi. Stefnt er að frágangi málsins á aðalfundi sem væntanlega verður haldinn rétt eftir miðjan mars.

Það væri æskilegt að fá formleg viðbrögð hluthafa sem fyrst því miðað er við að allir hluthafar taki tilboðinu þannig að eignarhlutföll raskist ekki.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar HS Veitna hf


Júlíus Jónsson

Forstjóri